



Ársskýrsla 2014
Fatahönnunarsélag Íslands

SKÝRSLA STJÓRNAR VEGNA STARFSÁRSINS 2013/2014

Stjórnarmeðlimir

Laufey Jónsdóttir, formaður
Rebekka Jónsdóttir, gjaldkeri
Ragnheiður Axel Eyjólfsdóttir,
Þórey Björk Halldórsdóttir.

STJÓRNARSTÖRF

Fundað var u.þ.b. einu sinni í mánuði eða oftar eftir þörfum. Allt starf stjórnar er rekið í sjálfboðavinnu og í frí tíma stjórnarmanna. Stjórn leggur áherslu á mikilvægi þess að fá fjárveitingu/fjármögnun fyrir starfsmann félagsins. Einungis á þann hátt verður unnt að halda úti virkri heimasíðu, efla félagið og starfsemi þess. Ráðning starfsmanns félagsins myndi geta skipt sköpum við að bregðast hratt og af krafti við þeim tækifærum sem við greininni blasa.

STARFSMAÐUR

Eitt af brýnustu verkefnum félagsins er að ráða launaðan starfsmann til að sinna vefsíðu félagsins, markaðs- og kynningarmálum og árlegum viðburðum á borð við samsýningu á HönnunarMars og Uppskeruhátíð félagsins.

Vert er að kanna frekar ráðningu starfsmanns í hálfstarf á gegnum “Starfsorku” Vinnumálastofnunar. Samkvæmt útreikningum og miðað við fjárhag Fatahönnunarfélagsins er ekki bolmagn til að ráða starfsmann fyrir félagið enn sem komið er, jafnvel ekki í hálf starf. Svo kanna þyrfti leiðir til að fjármagna starfskraftinn.

Hægt væri að kanna átak til atvinnusköpunar með það að markmiði að geta fjármagnað starfsmann tímabundið.

FAGRÁÐ

Í fagráði Fatahönnunarfélags Íslands sitja Linda Björk Árnadóttir, Bergþóra Guðnadóttir og Steinunn Sigurðardóttir.

Stjórnin hefur milligöngu um aðkomu fagráðsins að verkefnum þar sem æskilegt er að fá faglegt og óháð mat, ráðgjöf eða leiðsögn er varða fatahönnun.

Allir aðilar fagráðs félagsins hafa setið frá árinu 2010 en ráðið er skipað til þriggja ára. Því þarf að skipa nýtt fagráð í ár, 2014.

FÉLAGSAÐILD

Samþykkt var á stjórnarfundi í apríl 2012 að opið skyldi vera fyrir umsóknir í félagið allan ársins hring, en að fagráð komi saman einu sinni á ári í október og meti umsækjendur sem ekki uppfylla með skýrum hætti inntökuskilyrði félagsins.

Tekið er á móti umsóknum allan ársins hring í gegnum heimasíðu félagsins, en auglýst var sérstaklega eftir umsóknum í ágúst 2013, opið var fyrir umsóknir til 13. september. Árið 2013 sóttu alls tólf um félagsaðild, tíu umsækjendur með BA-gráðu voru samþykktir af stjórn og fengu inngöngu. Tveir umsækjendur fóru fyrir fagráð félagsins en fengu synjun.

Í dag eru félagsmenn 59 talsins. 18 voru afskráðir í janúar 2014 vegna ógreiddra félagsgjalda. Félagsgjaldið er 15.000 kr. á ári.

VIÐBURÐIR & VERKEFNI

Verkefni vetrarins hafa verið fjölmörg og stjórn skynjar mikinn áhuga fyrir íslenskri fatahönnun og mörg tækifæri til samstarfs, innanlands sem og erlendis. Fjárskortur hefur þó takmarkað möguleika félagsins hvað varðar starfsemi þess, þátttöku í viðburðum og samstarfi m.a. við erlend samtök.

Starf félagsins byggir að mestu á sjálfböðavinnu og margar hendur vinna létt verk. Seinustu ár hefur stjórnin byggt utan um starf stjórnarinnar og reynt að virkja fleiri utanstjórnar með sér í smærri afmarkaðri verkefni. Stjórninni þykir mikilvægt að félagið hafi margar ólíkar raddir og þar með fjölbreyttari og betri starfsemi. Við erum afskaplega þakklátar þeim sem lagt hafa hönd á plóg seinasta árið.

Stærstu verkefni félagsins á árinu voru Uppskeruhátíð félagsins, veiting Indriðaverðlaunanna, samsýningin Muses á HönnunarMars og málþing um sjálfbærni.

Stjórninni þykir tímabært að félagið fjárfesti í fallegu skilti með logo félagsins til þess að merkja viðburði félagsins í framtíðinni.

UPPSKERUHÁTÍÐ FATAHÖNNUNARFÉLAGS ÍSLANDS 2013

Uppskeruhátíð Fatahönnunarfélags Íslands var haldin í annað sinn 9. nóvember 2013. Indriðaverðlaunin voru veitt í annað sinn á hátíðinni. Hátíðina verður haldin árlega fyrstu eða aðra helgina í nóvember og veita Indriðaverðlaunin annað hvert ár, samtímis hátíðinni.

Markmið Uppskeruhátíðarinnar er að efla samheldni félagmanna, styrkja fagið, skapa vettvang fyrir faglega umræðu og efla fræðslu meðal íslenskra fatahönnuða. Gefa hönnuðum tækifæri á að hljóta innblástur og innsýn í fatahönnun á alþjóðlegum markaði frá framúrskarandi fatahönnuðum og aðilum tengdum faginu sem öðlast hafa reynslu og þekkingu erlendis.

Uppskeruhátíðin er ekki aðeins opin félagsmönnum og er það von félagsins að sjá sem flesta hverju sinni.

Verkefnastýring

Auglýst var eftir sjálfböðaliða í stöðu verkefnastjóra Uppskeruhátíðarinnar í ágúst 2013. Kolbrúnu Ýr Gunnarsdóttur verkstýrði hátíðinni og gekk samstarfið vonum fram. Laufey Jónsdóttir var tengiliður stjórnar.

Verkefnastjóri fékk í hendurnar leiðbeinigaskjal, þar sem finna mátti alla helstu verkþætti fyrir hátíðina. Skjalið var útbúið af stjórn félagsins og er í stöðugri þróun. Stjórnin mælist til þess að á næsta ári verði einnig skrifað undir formlegan samning milli félagsins og verkefnastjóra, þar sem hlutverkin eru skýrt afmörkuð.

Félagið fékk styrk frá Hönnunarsjóð Auroru að upphæð 200.000 kr. fyrir tveimur flugmiðum og gistingu fyrir erlenda fyrirlesara.

0 kr. Félagsmenn (sem greiddu félagsgjaldið 2013 eða fengu inngöngu 2013)
1000 kr. Fatahönnunarnemar Listaháskóla Íslands
3.500 kr. Almennt miðaverð

Félagið fékk KUKL til að taka upp fyrirlestrana á myndband svo fleiri gætu notið þeirra en því miður tapaði KUKL myndefninu og fékk félagið því aldrei myndböndin í hendurnar. Félagið greiddi því ekki KUKL þær 50.000 kr. sem samið hafði verið um. KUKL harmaði þessi mistök og býður því félaginu fría upptöku við næsta tækifæri.

Dagskrá

Þetta árið var boðið upp á léttar veitingar, spennandi dagskrá fyrirlesara ásamt því að Indriðaverðlaunin voru veitt. Gleðskapurinn hélt áfram fram eftir kvöldi, gestir voru hvattir til að koma með eigin veigar til að dreypa á.

Veislan var haldin í lðnaðarmannasalnum, Skipholti 70.

Kl. 19.45 hús opnaði

Kl. 20.00 Michael Berkowitz

Kl. 20.45 Indriðaverðlaunin veitt

Kl. 21.15 Léttar veitingar

Kl. 21:45 Ingvar Helgason

Kl. 22:30 Uppskeru fögnuður. DJ De La Rosa hélt uppi stuðinu.

Michael H. Berkowitz fatahönnuður frá New York og deildi reynslu sinni og fjallaði um hönnun, vörupróun og alþjóðlega markaðssetningu. Michael vann í 15 ár sem listrænn stjórnandi undirfatalínu karla hjá Calvin Klein. Michael vinnur nú sem hönnunarráðgjafi fyrir fyrirtæki á borð við Nike, Tom Ford, Bruce Weber, Gap og Narciso Rodriguez.

Ingvar Helgason Er annar fatahönnuður tvíeykisins Ostwald Helgason, sem hann stofnaði ásamt Susanne Ostwald árið 2008 í London. Ingvar fræddi okkur um hönnun og textíl Ostwald Helgason ásamt þróun og uppbyggingu hönnunarfyrirtækis á alþjóðlegum markaði.

INDRIÐAVERÐLAUN

Við val á hönnuði var litið til gæða hönnunarinnar allt frá hugmyndafræði til frágangs. Þegar kemur að góðri fatahönnun þarf ákveðið jafnvægi að ríkja milli sköpunargleðinnar og hins verklega. Hönnunarvinnan sem fer í hverja fatalínu er mikil og ferlið margslungið. Fjölmörg atriði koma við sögu í hönnunarferlinu, bæði stór og smá, en öll eru þau mikilvæg til að skapa vel heppnaða heildarmynd.

Með verðlaununum vill Fatahönnunarfélag Íslands veita hönnuðum viðurkenningu fyrir starf sitt og framlag til íslenskrar fatahönnunar og beina ljósi að því besta sem er að gerast í íslenskri fatahönnun hverju sinni. Verðlaunagripurinn er styrktur af Epal og smíðaður af Helgu í Gullkúnst.

Dómnefnd

Í dómnefnd sátu Halla Helgdóttir, Eyjólfur Pálsson, Erna Bergman, Steinunn Sigurðardóttir og Linda Björg Árnadóttir.

Óskað var eftir rökstuddum tilnefningum frá félagsmönnum sem dómnefnd hafði til hliðsjónar.

Niðurstaða dómnefndar:

“Í ár hlýtur sá fatahönnuður Indriðaverðlaunin sem þykir hafa skarað fram úr á árunum 2011-2012. Dómnefnd komst að þeirri niðurstöðu að veita ætti Katrínu Maríu Káradóttur verðlaunin árið 2013 fyrir störf sín í faginu bæði hérlendi og erlendis, bæði fyrir hönnun og kennslu við fatahönnunardeild LHÍ.

Katrín María Káradóttir, menntaður klæðskeri og fatahönnuður, hefur í starfi sínu lagt mikla áherslu á vandaða sniðagerð, gæði, efni og frágang. Hún hefur starfað sem hönnuður fyrir erlend fyrirtæki s.s John Galliano, Lutz, Thomas Engelhart, Bali Barette og Martine Sitbon. Einnig hefur hún starfað fyrir íslensku fyrirtækin Andrea Mack og Ella en hún hefur verið yfirhönnuður Ella frá upphafi. Hún hefur starfað sem kennari við Listaháskóla Íslands í allmörg ár og er núna deildarstjóri fatahönnunardeildarinnar.

Hún hefur skilið eftir fingrafar klæðskerans á allri sinni vinnu sem einkennist af metnaði og fagmennsku.”

MUSES - HÖNNUNARMARS

Fjórða árið í röð stóð Fatahönnunarfélag Íslands fyrir samsýningu félagsmanna á Hönnunarmars. Sýningarnar eru liður í að kynna verk félagsmanna en einnig byggja upp ímynd íslenskrar fatahönnunar í heild sinni og því afar mikilvægt að sýningin sjálf sé fallega hönnuð og vel stýrt.

Stjórnin ræður verkefnastjóra og listrænan stjórnanda sem ákveða þema hverju sinni í samstarfi við stjórnina. Listrænn stjórnandi fær í hendurnar lista yfir félagsmenn og

hefur frjálsar hendur um hvaða hönnuðir henta hverju sinni. Sýningarnar eru fjármagnaðar með styrkjum.

Eins og áður hefur komið fram byggist starf félagsins að mestu á sjálfböðavinnu og margar hendur vinna létt verk. Stjórnin hefur á seinustu árum byggt utan um starf stjórnarinnar og reynt að virkja fleiri utanstjórnar í smærri og afmarkaðri verkefni. Okkur þykir mikilvægt að félagið hafi margar ólíkar raddir og þar með fjölbreyttari og betri starfsemi.

Verkefnastýring

Auglýst var eftir sjálfböðaliðum um miðjan ágúst 2013. Magnea Einarsdóttir var valin sem listrænn stjórnandi og Rúna Sigurðardóttir var verkefnastjóri sýningarinnar.

Samstarf stjórnar og listræns stjórnanda og verkefnastjóra gekk vel, Laufey Jónsdóttir, formaður, var tengiliður stjórnar. Magnea og Rúna voru afar skipulagðar frá fyrsta degi og gekk öflun styrkja vel.

Félagið hlaut styrk frá Hönnunarsjóði sem nam 350.000 kr. og frá Menningar- og ferðamálasviði Reykjavíkurborgar sem nam 200.000 kr.

Seinustu ár hefur stjórnin sett saman ýtarlegt leiðbeiningaskjal fyrir listrænan stjórnanda og verkefnastjóra. Þar sem finna má allra helstu atriði sem gæta þarf að. Ekki hefur gefist tími til en einnig hefur staðið til að setja upp formlegan samning milli félagsins og ábyrðar aðila sýningarinnar þar sem hlutverkin eru skýrt og greinilega afmörkuð. Stjórnin mælist til þess að slíkir samningar verði gerðir á næsta ári.

Dagskrá

Í ár voru sýnd samstörf níu fatahönnuða við íslenska tónlistarmenn. Verkin sýndu á misjafnan hátt hvernig listamennirnir hafa áhrif á sköpun hvors annars.

Sýningin opnaði á Kex Hostel miðvikudagskvöldið 26. mars klukkan 21 og stóð til sunnudagsins 30. mars. Á opnunarkvöldi voru haldnir tónleikar með hljómsveitinni Sometime. Mæting var afar góð og fjör langt fram eftir kvöldi.

ANITA HIRLEKAR // Siggi Sigtryggsson
BIÐ AÐ HEILSA NIÐRÍ SLIPP by HELICOPTER // Gluteus Maximus
EYGLO // Unnur Andrea
HILDUR YEOMAN // Samaris
KOLBRUN // Sometime
KYRJA // Mammút
MILLA SNORRASON // Jara
ÝR // Introbeats
ZISKA og SCARAB by Orri Finn // Fura

Fjallað var um sýninguna meðal annars í Nýju Lífi, Morgunblaðinu, tímariti WOW og erlenda tímaritinu Frame.

Athugasemdir um hvað mætti betur fara

Skilafrestir hönnuða voru ljósir frá upphafi en erfiðlega gekk að fá svör frá einstaka hönnuðum og margir hverjir seinir með skil. Stjórnin telur brýna nauðsýn á að finna lausn á þessu vandamáli fyrir komandi samsýningar. Stjórn FI þykir það vera óásættanlegt að mikill tími skipuleggjanda fari í að bíða og ganga á eftir efni frá hönnuðunum sjálfum.

Augljóst er að þegar skil hjá einstaka hönnuðum tefjast fram úr öllu hófi, bitnar það á hinum þáttakendum sýningarinnar og sýningunni í heild sinni. Þetta þarf að bæta og hefur stjórnin sett niður tvö úrræði sem vert væri að fara eftir.

Úrræði sem stjórnin hefur lagt til:

Rukka þátttökugjald - önnur fagfélög hafa gert það seinustu ár með góðu gengi. Líklegt er að það muni þyngja gildi þátttöku og í kjölfarið myndu þátttakendur leggja sig betur fram við að standast skil með slíkri skuldbindingu. Þetta úrræði gæti samt sem áður haft þau áhrif að færri myndu vilja eða getað tekið þátt.

Lokaskilafrestur - sé honum ekki náð, á hönnuður í hættu á að missa rétt sinn til þátttöku. Stjórnin telur að það muni gera þátttakendum ljóst um hversu mikilvægt er að skila á réttum tíma.

FASHIONING SUSTAINABILITY

Málþing Fatahönnunarfélags Íslands og Deloitte um sjálfbærni í tískuiðnaðinum var haldið föstudaginn 28. mars kl.14 í Norræna húsinu á HönnunarMars. Þar sögðu íslenskir fatahönnuðir frá reynslu sinni af hönnun og framleiðslu með sjálfbærni að leiðarljósi. Í framhaldinu leiddu sérfræðingar á sviði sjálfbærni umræður um þær áskoranir og tækifæri sem felast í samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni.

Markmið fundarins var að fá lykilmanneskjur úr fatahönnunargeiranum, framleiðsluiðnaðinum ásamt öðrum atvinnugreinum til að taka þátt í umræðum um samfélagsábyrgð og sjálfbærni í viðskiptum.

Rúmlega 100 manns mættu á viðburðinn og tóku þátt í samtalinu.

Fundarstjóri

Gunnar Hilmarsson, formaður Nordic Fashion Association fyrir hönd Fatahönnunarfélags Íslands, tók á móti gestum og sá um fundarstjórnun á málþinginu.

Dagskrá

Sérfræðingur á sviði samfélagslegrar ábyrgðar og sjálfbærni, Anne Mette Christiansen frá Deloitte leiddi umræðu um viðskiptalegan ávinning sjálfbærni í tískuiðnaði. Johan Kryger, framkvæmdastjóri danska fatahönnunarfélagsins og skrifstofustjóri Norræna fatahönnunarfélagsins skýrði sýn NICE (Nordic Initiative Clean and Ethical), tíska sem drifkraftur breytinga.

Fyrirlesarar málþings:

Elínróslíndal / ELLA

Guðrún Ragna Sigurjónsdóttir / As We Grow

Boas Kristjanson / Karbon by Boas Kristjanson

Johan Arno Kryger / Nordic Fashion Association

Anne Mette Christiansen / Partner at Deloitte Sustainability Denmark

SAMSTARFSADILAR

Fatahönnunarfélag Íslands á tengsl við hin ýmis fyrirtæki, stofnanir, félög og einstaklinga. Á undanförmu ári hafa þau helstu og stærstu samstarfsverkefni verið við Hönnunarmiðstöð og NFA - Nordic Fashion Association. Stjórn félagsins telur vera brýna þörf á auknu fjármagni inni félagið svo hægt verði meðal annars að ráða inn starfsmann í hlutastarf til að sinna hinum ýmsu samstörfum.

HÖNNUNARMÍÐSTÖÐ

Fatahönnunarfélag Íslands er eitt níu fagfélaganna sem eiga hlut í Hönnunarmiðstöð, miðstöðin vinnur því gagngert að hag hönnuða.

Steinunn Sigurðardóttir sat í stjórn Hönnunarmiðstöðvar fyrir hönd Fatahönnunarfélags Íslands 2013 - 2014.

Innan Hönnunarmiðstöðvarinnar vinnur starfsfólk og stjórn að ótal verkefnum, hér er því stiklað á stóru.

HönnunarMars

HönnunarMars fór fram dagana 27. mars til 30 mars 2014. Yfir hundrað spennandi viðburðir, sýningar og fyrirlestrar voru á dagskrá HönnunarMars í ár. Hátíðin kynnrir íslenska hönnun og arkitektúr, atvinnugreinar sem spanna mjög vítt svið. Á HönnunarMars er efnt til stefnumóta milli hönnuða og annarra greina með sýningum, fyrirlestrum, málþingum og viðskiptafundum.

Í ár var innt eftir gjaldi fyrir skráningu atburða á HönnunarMars. Gjald fyrir félagsmenn fatahönnunarfélagsins og hinna fagfélaganna átta sem eiga Hönnunarmiðstöð Íslands var 7.000 kr en var 25.000 kr. fyrir aðra. Greitt var fyrir hvern viðburð en ekki fyrir hvern þátttakanda.

Einn af aðalviðburðum HönnunarMars ár hvert er fyrirlestradagurinn DesignTalks og markar hann upphaf hátíðarinnar. Markmið Hönnunarmiðstöðvar er að hanna dag, þar sem þeir sem fylgjast vel með helstu straumum og stefnum í hönnun, viðskiptum og tækni geta ekki látið fram hjá sér fara. Í ár var fatahönnuðurinn Calvin Klein meðal fyrirlesara og seldist upp á fyrirlestradaginn í Hörpu.

Á HönnunarMars stendur Hönnunarmiðstöð fyrir kaupstefnunni DesignMatch í samstarfi við Norræna húsið. Verkefninu hefur verið hleypt af stokkunum fimm sinnum en það hefur mælst vel fyrir meðal hönnuða og þeirra fyrirtækja sem tekið hafa þátt. Á DesignMatch gefst íslenskum hönnuðum tækifæri á að hitta norræna kaupendur, framleiðendur og seljendur hönnunar, í þeim tilgangi að kynna fyrir þeim verk sín. Markmiðið er að skapa íslenskri hönnun brautargengi á einum mikilvægasta markaði okkar, Norðurlöndunum.

Fulltrúar fyrirtækja sem komu á kaupstefnuna DesignMatch á HönnunarMars 2014 voru littala, One Nordic, Norrmann Copenhagen, Wrong for HAY og One Collection.

Á undanfarna árum hefur fjöldi samninga verið gerður á milli íslenskra hönnuða og erlendra kaupenda.

Hönnuðir hittast

Hönnunarmiðstöð stóð fyrir mánaðarlegum opnum fræðslu- og spjallfundum annan veturinn í röð. Fundirnir snérist að mestu leiti um Hönnunarsjóð og sitthvað hagnýtt sem tengist þátttöku í hátíðinni. Fundirnir voru haldnir fyrsta miðvikudag hvers mánaðar.

Hönnunarsjóðurinn

Mánudaginn 30. september 2013 hóf nýr hönnunarsjóður starfsemi sína. Sjóðurinn var stofnaður af mennta- og menningarmálaráðuneyti í febrúar 2014. Við úthlutun sjóðsins er lögð áhersla á fjóra flokka: þróunar- og rannsóknarstyrki, verkefnastyrki, markaðs- og kynningarstyrki og ferðastyrki.

Hönnunarsjóður heyrir undir mennta- og menningarmálaráðuneyti og er tekjustofn hans árlegt framlag sem Alþingi ákveður á fjárlögum. Árið 2013 var framlag til sjóðsins 45 milljónir kr. og fer Hönnunarmiðstöð Íslands ehf. með umsýslu sjóðsins.

Megin hlutverk hönnunarsjóðs er að efla þekkingu og atvinnu- og verðmætasköpun á sviði hönnunar og arkitektúrs með fjárhagslegum stuðningi. Sjóðurinn styrkir jafnframt kynningar- og markaðsstarf erlendis sem stuðlar að auknum útflutningi íslenskrar hönnunar.

Stjórn hönnunarsjóðs metur styrkhæfi umsókna og ákveður afgreiðslu þeirra. Fimm manna stjórn er skipuð til þriggja ára í senn. Núverandi stjórn Hönnunarsjóðs skipa: Ólafur Mathiesen formaður, skipaður án tilnefningar, Íva Rut Viðarsdóttir varaformaður, Ástþór Helgason og Haukur Már Hauksson, öll tilnefnd af Hönnunarmiðstöð Íslands, ásamt Helgu Haraldsdóttur, tilnefnd af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Hönnunar tímarit

16. apríl 2014 boðaði Hönnunarmiðstöð formenn fagfélagana á fund til þess að skoða þann möguleika að stofna hönnunarblað.

Arkitektafélag Íslands hefur gefið út blað einu sinni til tvisvar á ári undanfarin ár. Lengi hefur verið í umræðunni innan Hönnunarmiðstöðvar að gefa út blað um

hönnun og arkitektúr. Fagfélögin sammæltust um að það vantaði vettvang fyrir faglega umfjöllun og blaðið gæti gætt að mikilvægri heimildasöfnun fyrir framtíðina.

Fundað hefur verið 4 sinnum, næstu skref eru að skipa í ritnefnd, ráða ritstjóra, finna frjármagn og skrifa undir útgáfu samning tímaritsins á ársfundi Hönnunarmiðstöðvar þann 3 júní næstkomandi.

Fatahönnunarfélag Íslands mun skipa inn einn meðlim í fagrað tímaritsins, það starf er launalaust.

Hönnunarverðlaun

Á fimm ára afmæli Hönnunarmiðstöðvar 12. september 2013 var fyrst kynnt hugmynd að Hönnunarverðlaunum.

Stjórn Hönnunarmiðstöðvar hefur unnið að því að móta Hönnunarverðlaun sem ætlunin er að koma af stað á árinu. Verið er að móta hugmyndir og verklag. Unnið er að fjármögnun og leitað er eftir samstarfsaðilum.

Skýrsla í samstarfi við KPMG

KPMG vinnur að úttekt á fjárhagslegu umfangi tísku- og fataframleiðslu geirans á Íslandi í samstarfi við Hönnunarmiðstöð Íslands og Reykjavík Fashion Festival. Stefnt er að kynna niðurstöður og halda málþing um íslenskt framleiðslu- og rekstrarumhverfi.

Tollaskýrsla

Soffía Theodóra Tryggvadóttir, hjá Hönnunarmiðstöð, vann nýverið skýrslu og leiðbeiningar rit fyrir fatahönnuði og tollstjóra um hvernig best sé að háttá hinum ýmsu atriðum sem snúa að tollamálum. Ritið verður brátt hægt að nálgast á heimasíðu Hönnunarmiðstöðvar en einnig verður sent eintak á félagmenn í tölvupósti.

NORDIC FASHION ASSOCIATION

Nordic Fashion Association (NFA) eru samtök félaga tengd tísku á Norðurlöndunum. Á Íslandi eru Fatahönnunarfélag Íslands og Hönnunarmiðstöðin aðilar að samtökunum.

Mikilvægt er að Fatahönnunarfélag Íslands verði virkur þátttakandi í þessu norræna samstarfi, enda mörg tækifæri sem blasa við greininni á erlendri grundu. Fjárskortur félagsins og tímaskortur hjá sjálfboðaliðum félagsins hefur þó takmarkað þátttöku félagsins í samstarfinu. Ráðning starfsmanns fyrir Fatahönnunarfélagið myndi geta skipt sköpum við að bregðast hratt og af krafti við þeim tækifærum sem við greininni blasa.

Ísland tók við formennsku Nordic Fashion Association(NFA) fyrir árið 2014, Sammælst var um að fá Gunnar Hilmarsson til liðs við okkur, sem formann NFA, til að leiða þá vinnu í samstarfi við stjórnina og Hönnunarmiðstöð. Gunnar Hilmarsson hefur áður gengt starfi formanns FÍ og er einn stofnanda NFA.

Staða formanns NFA er launalaust starf, það er að mestu táknrænt þar sem skrifstofan NFA í Kaupmannahöfn sér um alla umsýslu.

Gunnar fór út á stjórnarfund NFA 31. nóvember 2013 til Stokkhólms. Stjórnarfundir eru tvisvar á ári og stefnt að því að hittast a.m.k. einu sinna öll stjórnin.

Í byrjun árs 2014 sótti stjórn FÍ og Gunnar um einstaklings styrki frá Mobility sjóði Kulturkontakt Nord, með það fyrir augum að fara á Copenhagen Fashion Summit og efla samstarf félagsins við hin Norðurlöndin. Umsóknunum var synjað.

Eitt af markmiðum NFA er að Norðurlöndin verði leiðandi á sviði vistvænnar og sjálfbærrar fatahönnunar og skapi sér þannig sérstöðu á heimsmælikvarða. Stærstu verkefni NFA eru NICE (Nordic Initiative Clean and Ethical) átakið og Copenhagen Fashion Summit.

Copenhagen Fashion Summit var haldinn í þriðja sinn í Óperuhúsinu í Kaupmannahöfn þann 24. apríl 2014. Ráðstefnan fjallaði um sjálfbærni, tísku og samfélagslega ábyrgð tískuiðnaðarins og er viðburðurinn er sá stærsti sinnar tegundar í heimi.

Markmið Nordic Fashion Association er að koma norrænum tískuiðnaði í forystu á heimsvísu hvað varðar samfélagslega og umhverfislega ábyrgð og sjálfbærni í viðskiptalausnum. Norðurlöndin eru sameiginlega að leiða umræðuna, á heimsvísu, um tísku- og fataframleiðslu og hvernig hægt sé að auka sjálfbærni og umhverfisvitund. Hluti af umræðunni eru aukin gæði, meðvitund um uppruna, efnis noktun og staðbundna framleiðslu.

Tólf hönnuðir frá Norðurlöndunum tóku þátt í hönnunaráskorun ráðstefnunnar og sýndu fót úr sjálfbærum efnunum. Íslenska merkið JÖR by Guðmundur Jörundsson sýndi þeirra á meðal.

Laufey Jónsdóttir formaður FÍ og Gunnar Hilmarsson formaður NFA fóru til Kaupmannahafnar til að vera viðstödd Copenhagen Fashion Summit og funda með samstarfsaðilum félagsins í NFA. Bæði fundu þau fyrir mikilvægi þess að funda í persónu við Norræna samstarfs aðila. Upp komu ýmsar hugmyndir og tækifæri sem vert væri að skoða í náinni framtíð.

REYKJAVIK FASHION FESTIVAL

Í júní 2013 boðaði Þórey Eva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri RFF, Laufeyju Jónsdóttur og Greip Gíslason verkefnastjóra HönnunarMars á fund. Markmið fundarins var að ræða hugsanleg fleti á frekara samstarfi. Fundurinn var góður og margt rætt, en ekki var komist að niðurstöðu um málið. Áætlað var að haldinn yrði opinn fundur um RFF á líðandi hausti. Ekki varð að þeim fundi.

Í janúar 2014 áttu Laufey Jónsdóttir og Gunnar Hilmarsson fund með Þóreyju Evu Einarsdóttur um hugsanlegt samstarf á HönnunarMars. Þar sem sameina átti málþing félagsins um sjálfbærni við dagskrá RFF á laugardeginum í Hörpu. Ekki gekk að samræma dagskránnu, þó viljinn hafi verið fyrir hendi beggja vegna borðsins.

REYKJAVÍKURBORG - HLEMMUR SÝNINGARRÝMI

27. ágúst 2013 hafði Hans Hreiðar frá Reykjavíkurborg samband við félagið og kynnti stjórninni hugmynd sína að bjóða fatahönnuðum lítið sýningarrými á Hlemmi. Sameiginlegur ávinningur væri að félagsmenn fengu flotta kynningu í skemmtilegu rými sem myndi fegra húsið um leið. Stjórninni leist vel á að bjóða félagsmönnum upp á þetta.

Stjórn FÍ og borgin sammældust það verklag að stjórn FÍ myndi velja inn hönnuði úr umsóknum og raða niður á dagsetningar. Stjórnin ákvað að sýningar myndu standa uppi í 3 vikur í senn fyrir hvert vörumerki. Hönnuðunum væri frjálst að gera það sem þeir vildu með rýmið með því skilyrði að skila því hreinu og máluðu hvítu að notkun lokinni.

Reykjavíkurborg veitti Fatahönnunarfélagi Íslands styrk upp á 200.000 kr. fyrir merkingum og málningu.

Úlfur húsvörður Hlemms yrði tengiliður staðarins og Þórey Björk Halldórsdóttir verkefnastjóri fyrir hönd FÍ.

Gerð var tilraun til að hleypa verkefninu af stað seinnipart hausts 2013. Þórey kannaði stöðuna með rafrænum pósti og símtölum. Félagsmenn voru áhugasamir en reyndust of annasamir við undirbúning jólasölnunnar og gátu því ekki neglt sig niður á ákveðinn tíma. Þegar Þórey athugaði stöðuna á ný í janúar var ljóst að flestir voru of uppteknir við undirbúning RFF og HönnunarMars.

Því kom upp sú hugmynd að auglýsa verkefnið í vor og leggja áherslu á sumarið, þegar margt er um manninn í miðbænum.

Þórey mun koma til með að tengja næsta stjórnarmeðlim verkefninu.

KYNNINGARMÁL

Lagt var uppi með það að auka kynningu félagsins. bæði á samfélagsmiðlum og í almennri umræðu og sjánleika. Stjórnin hefur staðist að því með hinum árlega viðburði sínum á Hönnunarmars sem og málþingi um sjálfbærni í tískuiðnaðinum. Félagið heldur úti vefsíðu og facebook síðu. Ekki hafa verið skoðaðir samskiptamiðlar eins og instagram, twitter og vine. Ljóst er að það þarf að stofna youtube reikning og setja öll video FÍ inná hann.

VEFSÍÐA

Heimasíða félagsins hefur verið virk síðan nóvember 2010. Er síðunni ætlað að sinna markaðslegu hlutverki út á við og vera upplýsandi fyrir félagsmenn, efla tengslanet og samstöðu. Hugmyndin var að hluti vefsíðunnar yrði eingöngu aðgengilegur félagsmönnum (innri vefur) með gagnlegum upplýsingum um framléiðendur og fagfólk sem tengist geiranum og að meðlimir í félaginu deildu þar upplýsingum og reynslu. Ekki hefur gefist tími til þess að efla innri vefinn sem skildi, hann er þó starfrækur.

Í september 2013 var bætt við nýjum flipa við heimasíðu Fatahönnunarfélags Íslands, STYRKIR. Þar má finna samantekt um hina ýmsu sjóði sem veita styrki til ólíkra þátta sem koma að starfi fatahönnuða. Einnig má finna upplýsingar um menningargáttir, frumkvöðlakeppnir o.fl.

Mikilvæg verkefni framundan:

- Færa inn viðburði seinustu ára ásamt myndum og video.
- Gera síðuna aðgengilegri í gegnum leitarvél
- Þýða a.m.k. hluta hennar á ensku til að hún nýtist í kynningarstarfi erlendis
- Uppfæra útlit hennar og gera viðmót hennar aðgengilegra
- Uppfæra fríðindalista félagsmanna

FACEBOOK

Félagið heldur einnig út Facebook síðu þar sem markmiðið er að upplýsa almenning um það helsta sem er að gerast í faginu, þar eru sem stendur 1071 fylgjendur.

Félagið á líka læstan Facebook hóp sem gengur undir nafninu “Umræðuvefur Fatahönnunarfélags Íslands”, markið hópsins er að skapa vettvang fyrir fatahönnuði að ræða saman og hjálpast að

ÁHUGAVERÐIR VIÐBURÐIR UTAN FÉLAGS

NORDIC FASHION BIENNALE

Í ár var viðburðurinn Nordic Fashion Biennale er haldinn í þriðja sinn af Norræna Húsinu. Viðburðurinn var haldinn í Museum Angewandte Kunst í Frankfurt Þýskalandi 21.mars - 22.júní 2014. Viðburðurinn samanstendur af ljósmyndum eftir ljósmyndarana Cooper og Gorfer ásamt innsetningum eftir hönnuði frá Íslandi, Færeyjum og Grænlandi.

Sýningin verður svo sett upp haustið 2014 í Det Nationale Fotomuseum í Kaupmannahöfn.

Nordic Fashion Biennale var á formennskuáætlun Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

Hönnuðir sem taka þátt: STEiNUNN (IS), Mundi Vondi (IS), JÖR (IS), Kría Jewelry (IS), Gudrun&Gudrun (FO), Barbara I Gongini (FO) .

Listamenn sem taka þátt: Rammatik (FO) , Jessie Kleemann (GRL) , Shoplifter (IS), Nikolaj Kristensen (GRL) .

Verkefnið var styrkt af Kultur Kontakt Nord, Nordisk Kulturfond, Menntamálaráðuneytinu, Norræna húsinu í Færeyjum, Sænska menningarsjóðnum og Norrænu skrifstofunni á Grænlandi.

REYKJAVÍK FASHION FESTIVAL

Reykjavík Fashion Festival (RFF) fór fram í fimmta sinn í ár og var hluti af dagskrá HönnunarMars. Tískusýningar fatahönnuða sem tóku þátt í Reykjavík Fashion Festival 2014 fóru fram laugardaginn 29. Mars í Hörpu.

11:00 Farmers Market

11:55 Ziska

12:50 magnea

13:50 ELLA

14:00 HIÉ

15:15 REY

16:10 Sigga Maija

17:05 Cintamani

18:05 JÖR by GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON

FJÁRHAGUR FÉLAGSINS

Í byrjun árs 2013 var lítið eftir á bókinni hjá félaginu, rétt rúmar 40.000 krónur. Stærsta ástæða þess var að styrkur vegna Uppskeruhátíðar 2012 var ekki greiddur út fyrr en í janúar 2013.

Góðum fjárhag félagsins má að hluta þakka því að gengið hefur vel að afla styrkjum fyrir Hönnunarmars og Uppskeruhátíð. Þessir tveir viðburðir eru stærstu kostnaðarliðirnir.

Eldri skuldir félagsmanna hafa verið felldar niður og er þar vísað til þess að illa gekk að rukka inn aðstöðugjöld fyrir SHOWROOM REYKJAVÍK 2010 og sameiginlegar auglýsingar "Hönnuðirnir bjóða heim" 2011.

Vel hefur gengið að rukka inn félagsgjöld þrátt fyrir hækkun og breytingu sem samþykkt var á ársfundi árið 2012, félagsgjaldinu var breytt úr 8000. kr á ári sem rukkað var inn í tveimur greiðslum yfir árið í 15.000 kr.einu sinni á ári. Bæði er einfaldara að rukka félagsgjaldið einu sinni á ári og hærri upphæð gefur okkur aukið svigrúm til að skipuleggja og setja af stað viðburði. Einnig var fylgst vel með greiðslum félagsgjaldanna, félagmenn áminntir ef gjaldið var ógreitt og teknir af lista ef ekki barst greiðsla við árslok.

Útlit er að 2014 verði kostnaðarsamara ár en 2013. Það er helst vegna þátttöku í NFA og fyrirhugað hönnunarblað í eigu fagfélaganna sem Hönnunarmiðstöð stendur að.

AÐ LOKUM

Það er augljóst að það er mikill kraftur sem býr í félagsmönnum og hafa margir hverjir eitt ómældum tíma við að efla félagið og fagið í heild sinni, launalaust. Það er þó von starfandi stjórnar að í nánustu framtíð muni félagið fá þann fjárhagslega stuðning sem það þarf á að halda.

Við teljum tímabært að skipa nefnd sem marki félaginu 5 og 10 ára áætlun, stefnu og framtíðarsýn og leiti leiða að frekari fjármögnun félagsins. Gott væri að leitast eftir samstarfi við Hönnunarsjóð og Hönnunarmiðstöð.

Hlutverk félagsins er fyrst og fremst að auka virðingu og verðmætasköpun fagsins, með það að leiðarljósi viljum við að lokum taka undir orð Höllu Helgadóttur framkvæmdastjóra Hönnunarmiðstöðvar, um mikilvægi þess að listamenn og hönnuðir fái sanngjörn og viðunandi laun fyrir sína vinnu.



Fyrir hönd stjórnar,
Laufey Jónsdóttir, formaður.



FATAHÖNNUNARFÉLAG
ÍSLANDS